# Almenn hjúkrun - Fjarnám
# HJÚK1AG05
# Námsáætlun vorönn, 2026

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari: | María Albína Tryggvadóttir<br>Netf. maria.a.tryggvadottir@vma.is | Skammst. | MAL |
|---|---|---|---|

## ÁFANGALÝSING:

Í áfanganum er fjallað um sögu og hugmyndafræði hjúkrunar. Kynnt eru lög og reglugerðir sem lúta að heilbrigðisþjónustu á Íslandi, siðareglur sjúkraliða og hvað felst í hugtakinu fagmennska. Fjallað er um umhyggjuhugtakið, andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir skjólstæðinga. Fjallað er um þætti sem hafa áhrif á líðan og breytingar á líkamsstarfsemi. Auk þess er fjallað um umönnum sjúklinga og þætti sem hafa áhrif á sjálfsumönnun.

## MARKMIÐ:

Þekkingarviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- sögu og þróun hjúkrunar og þeirri hugmyndafræði sem hjúkrunarstörf byggjast á
- helstu skipulagsformum hjúkrunar
- umhyggjuhugtakinu
- siðareglum sjúkraliða
- réttindum skjólstæðinga skv. lögum
- mikilvægi skráninga og athugana í hjúkrun
- grunnþörfum mannsins og frávikum frá þeim
- mikilvægi svefns og hvíldar
- áhrifum verkja á skjólstæðing
- fylgikvillum rúmlegunnar

Leikniviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skrá niðurstöður athugana og mælinga á viðurkenndan hátt
- fylgja leiðbeiningum í þeim tilgangi að bæta líðan skjólstæðings
- fyrirbyggja fylgikvilla rúmlegunnar
- sýna faglega umhyggju
- taka á móti skjólstæðingi á faglegan hátt

Hæfniviðmið

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- tengja sögu og hugmyndafræði hjúkrunar við hjúkrunarstörf
- útskýra tengsl andlegs, líkamlegs og félagslegs ástands skjólstæðings við hjúkrunarþarfir hans
- gera grein fyrir ábyrgð sjúkraliða í hjúkrun
- eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við skjólstæðinga og samstarfsfólk
- sýna fagmennsku í orði og verki
- rökstyðja mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar í samskiptum við skjólstæðing
- útskýra mikilvægi þess að umgangast nánasta umhverfi skjólstæðings af virðingu
- taka þátt í samræðum um líðan skjólstæðings

## NÁMSGÖGN:

Hjúkrun 1. þrep. Almenn fullorðinna. Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir ritstjóri, gefin út 2016 af Iðnó.
Efni frá kennara.

## ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG FYRIRLÖGN NÁMSMATSÞÁTTA:

| Vikur | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi |
|---|---|---|---|
| 19.-25. jan. | 1. kafli. Frá heimilum til hátæknispítala-hjúkrun í nútíma samfélagi<br>2. kafli. Umönnun og sjálfsumönnun | Verkefni 1 | 4% |
| 26.jan – 1.feb | 3. og 4. kafli. Þarfir og skilningarvitin | Verkefni 2 | 4% |
| 2. – 8. feb | 5. kafli. Húðin | | |
| 9. – 15. feb | 6. kafli. Hreyfing | Útdráttur/Ígrundunarverkefni | 7% |
| 16. – 22. feb | 7. kafli. Öndun | Verkefni 3 | 4% |
| 23.2 – 1. mars | 8. kafli. Hjarta og æðakerfi | Heimapróf | 10% |
| 2.– 8. mars | 9. Kafli: Vökvi | | |
| 9. – 15. mars | 10. kafli. Melting | Verkefni 4 | 4% |
| 16. – 22. mars | 11. kafli. Þvaglát | Verkefni 5 | 4% |
| 23. – 29. mars | 12. kafli. Svefn | Hlaðvarp/kynning | 15% |
| 30.3 – 5. apríl | Páskafrí | | |
| 6. – 12. apríl | 13. kafli: Verkir | Hópverkefni | 10% |
| 13. – 19. apríl | 15. kafli. Líknarmeðferð og líknandi hjúkrun | Verkefni 6 | 4% |
| 20. – 26. apríl | 14. kafli. Líkamshiti | | |
| 27.4 – 3. maí | 19. kafli. Skráning | Verkefni 7 | 4% |
| 4.-15. mai | Undirbúingur fyrir próf og lokapróf á prófadegi | Lokapróf | 30% |

## NÁMSMAT OG VÆGI NÁMSMATSÞÁTTA:

**Matsform:** ☐ **Símat** **X Lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Verkefni | Átta verkefni | 28% |
| Heimapróf | Eitt heimapróf á kennsluvef. | 10% |
| Hlaðvarp/Kynning | Nemandi býr til hlaðvarp eða kynning byggða á heimildum. | 15% |
| Hópverkefni | Tveir til þrír vinna saman út frá efni í kennslubók og greinum. | 10% |
| Ígrundunarverkefni | Nemandi dregur saman aðalatriði úr námsefni og ígrundar það | 7% |
| Lokapróf | Lokapróf á áætluðum prófatíma í mai | 30% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í Innu á því formi sem best hentar.**

**Annað:** Ná þarf 40% árangri úr lokaprófi til að aðrir námsmatsþættir gildi til einkunnar. Nemendum ber að ljúka öllum námsmatsþáttum. Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma. Verkefni lækka um hjálfan fyrir hvern dag sem fer fram yfir skiladag, ekki verður tekið við verkefnum viku eftir skiladag.

**Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.**

**Verði nemandi uppvís að ritstuldi eða notkunar gervigreindar til að rita fyrir sig texta fær hann einkunnina 0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað við brottvikningu úr áfanganum.**